

M-39/2007. Álit 18. janúar 2008

Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 18. janúar 2008 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-39/2007:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 6. nóvember sl. bað fyrirtækið X, hér eftir einnig nefnt álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna sölu á kæliskáp til Y. Álitsbeiðandi segir kaupanda ekki hafa greitt kaupverðið að fullu. Eftirstöðvar þess séu kr. 5.000 sem álitsbeiðandi krefst að kaupandi greiði.

II

Málsmeðferð kærunefndarinnar

Kærunefndin gaf kaupanda kost á andsvörum með bréfi, dags. 15. nóvember sl., og bárust andsvörin í bréfi, dags. 22. nóvember. Álitsbeiðanda voru send andsvörin til upplýsingar með bréfi, dags. 7. desember sl., og honum gefinn kostur á að gera athugasemdir við þau fyrir 17. desember sem hann nýtti sér ekki. Með bréfi, dags. 3. janúar sl., var aðilum tilkynnt að kærunefndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi segir að 19. október 2005 hafi kaupandi keypt kæliskáp í verslun sinni af gerðinni Za sem sé finni gerð af kæliskáp sem sé mun meira seldur og hafður sé til sýnis í versluninni, þ.e. gerðin Zb. Kæliskápurinn, sem hafi verið sérpantaður fyrir kaupanda, hafi kostað kr. 54.990 eins og fram komi á reikningi fyrir kaupunum. Kaupandi hafi óskað eftir því að greiða kaupverðið með raðgreiðslum og hafi því verið gerður samningur við hana um það. Fyrir mistök hafi kaupverð þess skáps sem til sýnis var í versluninni, kr. 49.990, verið sett á raðgreiðslusamninginn en ekki verð skápsins sem keyptur var. Þessi mistök hafi ekki komið í ljós fyrr en við síðbúna skoðun á reikningi verslunarinnar. Þegar óskað hafi verið eftir því við kaupanda að hún greiddi mismuninn hafi hún hafnað því, borið því við að þetta væru mistök verslunarinnar sem yrði að bera skaðann af þeim. Ágreiningslaust sé að þessa fjárhæð hafi kaupandi ekki greitt og eins að verslunin verði að bera skaðann af því að hafa ekki haft þetta fé í veltu sinni. Ágreiningurinn snúist um það að kaupandi vilji hagnast á þessum mistökum sem ekki sé sanngjarnt. Mistök þessi séu auðskiljanleg því að meira en 95% af seldum kæliskápum sé af ódýrari gerðinni. Frá sjónarmiði álitsbeiðanda sé hér um óuppgerðan reikning að ræða sem eigi að greiða að fullu.

IV

Andsvör gagnaðila

Kaupandi segir í andsvörum sínum að tveir kæliskápar hafi verið til í verslun álitsbeiðanda og annar þeirra hafi hentað sér betur en verið frátekinn. Þá hafi verið pantaður fyrir hana kæliskápur sem komið hafi eftir nokkra daga og þá verið gengið frá kaupunum. Kaupandi segist hafa séð heildartöluna á reikningi fyrir kaupunum á kæliskápnum en hún hafi keypt fleira og því ekki áttað sig á því að á reikninginn hafi

vantað hærri tölu. Kaupandi kveðst hafa verið krafinn um greiðslu mismunarins, kr. 5.000, sumarið 2007 en hún sé ósátt við það vegna þess að hún hafi ekki vitað betur en skápurinn væri að fullu greiddur. Kaupandi segist sjá að löginn sem vitnað sé til séu frá árinu 2006 en raðgreiðslusamningurinn hafi verið undirritaður árið 2005 og málið komi því þessum lögum ekkert við.

V

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og Y falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup, 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 og 1.-3. mgr. 1. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup sem viðskipti aðila falla undir.

Það er óumdeilt að kaupandi festi kaup á kæliskáp hjá álitsbeiðanda og er reikningur fyrir kaupunum gefinn út 19. október 2005. Verður að miða við að á þeim tíma hafi kaupin farið fram. Lög nr. 48/2003 um neytendakaup tóku gildi 1. júní 2003 og samkvæmt 2. mgr. 64. gr. laganna gilda þau um samninga sem voru gerðir eftir þann tíma. Löginn gilda því um þau kaup sem fram fóru milli álitsbeiðanda og kaupanda.

Fram kemur í lýsingu málsatvika að kæliskápurinn var sérstaklega pantaður fyrir kaupanda og verður því að telja líklegt að ljóst hafi verið við kaupin hvert verð hans var. Reikningur fyrir kaupunum ber það og með sér að kaupverðið hafi verið kr. 54.990 og verður að byggja á því að það hafi verið umsamið verð fyrir kæliskápin. Það er því misskilningur hjá kaupanda að rétt verð kæliskápsins sé ekki tilgreint á reikningnum. Upplýst er að álitsbeiðandi og kaupandi gerðu samning um að kaupverð kæliskápsins yrði greitt á svokölluðum raðgreiðslum og einnig að álitsbeiðandi gerði þau mistök að á þeim samningi er miðað við að kaupverði sé kr. 5.000 lægra en á reikningnum er tilgreint. Þessi mistök, þótt óheppileg væru, er þó ekki hægt að telja þess eðlis að með þeim hafi álitsbeiðandi gefið kaupanda afslátt af umsömdu kaupverði sem tilgreint er á reikningi fyrir kaupunum. Kærunefndin álitur að kaupandi hafi því ekki greitt umsamið kaupverð kæliskápsins að fullu og samkvæmt a-lið 1. mgr. 43. gr. laga nr. 48/2003 um þjónustukaup á álitsbeiðandi rétt á því að fá eftirstöðvarnar greiddar, sbr. 1. mgr. 44. gr. sömu laga.

IV

Álitsorð

Kaupandi, Y, greiði álitsbeiðanda, X, kr. 5.000.

Friðgeir Björnsson
formaður

Guðrún Björk Bjarnadóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

